

Föstudaginn 20. janúar 1939.

Nr. 80/1938. **Gunnlaugur Einarsson, Stefán Jónsson, Benjamín Ólafsson**

(Pétur Magnússon)

og Ólafur Ólafsson

(Einar B. Guðmundsson)

gegn

Guðmundi Þ. Gíslasyni og gagnsök.

(Sigurður Ólason, cand. jur.).

Um eignarrétt yfir landi og mörk veiðiréttinda í á.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, Ólafur Ólafsson, hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 5. ágúst f. á. og krafizt þess, að viðurkennt verði með dómi, að veiðiréttur hans fyrir lendunni Amtmannsleigur við Borgarfjörð afmarkist að vestanverðu af línu, er dregin sé hornrétt á bakkann við Hvítá eða Borgarfjörð í depil, þar sem landamerki Amtmannsleigna eru samkvæmt landamerkjadómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu uppkveðnum 20. júní 1935. Ennfremur krefst hann þess, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í héraði og hér fyrir dómi eftir mati hæstaréttar.

Aðaláfrýjendurnir Gunnlaugur Einarsson, Stefán Jónsson og Benjamín Ólafsson hafa áfrýjað málinu með stefnu 7. september f. á. og krafizt þess að þeir verði algerlega sýknaðir af kröfum gagnáfrýjanda og að hann verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, Guðmundur Þ. Gíslason, hefir skotið málinu til hæstaréttar með stefnu 12. nóvember f. á., að fengnu áfrýjunarleyfi 11. s. m., og gert

þær kröfur á hendur aðaláfrýjendunum Gunnlaugi Einarssyni, Stefáni Jónssyni og Benjamín Ólafssyni, að sú niðurstaða héraðsdómsins verði staðfest, að þeim skuli óheimil veiði í Hvítá og leirum fram af landi Bóndhóls og að þeim þar að auki verði óheimilaður réttur til slæгна og annara landsafnota á landspildunum á fjarðarbakkanum vestan við Amtmannsleigur. Á hendur aðaláfrýjanda Ólafi Ólafssyni gerir gagnáfrýjandi þær kröfur, að ákvæði héraðsdómsins verði staðfest að því er varðar veiðiréttindi milli Bóndhóls og Amtmannsleigna. Loks krefst hann þess, að allir aðaláfrýjendurnir verði dæmdir til að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

I. Um kröfur gagnáfrýjanda á hendur aðaláfrýjendunum Gunnlaugi Einarssyni, Stefáni Jónssyni og Benjamín Ólafssyni.

Svo sem nánar er fram tekið í hinum áfrýjaða dómi, telur Gunnlaugur Einarsson sig eiganda að tveimur landspildum, svonefndum Einarsnessleigum og Brennistaðaleigum, sem liggja vestan við lenduna Amtmannsleigur framundan Bóndhólslandi, en lendur þessar allar eru einn hluti svonefndrar Gufufitjar, sem samkvæmt jarðabók Árna Magnússonar og Páls Víðalín eru ekki talin fylgja neinu sérstöku býli, en samt eignuð býlinu Einarsnesi. Kveðst Gunnlaugur hafa keypt landspildur þessar af Thor Jensen árið 1894 ásamt Einarsnesi og nytjað síðan landspildurnar um 40 ára skeið sem sína eign, aðallega með því að leigja þær ýmsum mönnum, en leigjendurnir hafi heyjað þarna og a. m. k. einn þeirra hafi fengizt við veiðiskap þar fyrir landi, en heimildarskjöl sín fyrir landspildunum hafi farizt, er skrifstofur sýslumannsins í Mýra- og

Borgarfjarðarsýslu brunnu fyrir nokkrum árum. Um viðhorf fyrri eiganda og ábúanda Bóndhóls til eignarréttar að Einarsnessleigum og Brennistaðaleigum er þetta upplýst: Vitnið Sigurjón Kristjánsson, bóndi í Krummshólum, kveðst hafa það eftir foreldrum sínum, sem átt hafi um tíma heima í Bóndhól, og eftir móðurbróður sínum Bjarna Guðmundssyni, er um skeið var eigandi og ábúandi Bóndhóls og undirritaði merkjalýsing þess býlis 1884, að oftnefndar landspildur væru ekki eign Bóndhóls. Vitnið Eiríkur Guðmundsson, bóndi í Knararnesi, sem einnig var um tíma eigandi og ábúandi Bóndhóls og seldi þá jörð 1914, kveðst ekki hafa talið sér heimilan heyskap á landspildum þessum. Þá telur og Þórður Jónsson, bóndi á Hvítstöðum, sem dvalizt hefir um tíma í Bóndhól eftir 1914, að landspildurnar hafi ekki verið nytjaðar til slæгна þaðan.

Það er að vísu haft eftir Thor Jensen, að hann minnst þess ekki, að hann hafi átt Einarsnessleigur og Brennistaðaleigur, en hinsvegar verður að telja það upplýst, að Gunnlaugur hafi frá því að hann keypti Einarsnesið 1894 um a. m. k. 20 ára skeið farið með þessar lendur sem sína eign og haft allar nýttar þeirra, sem hægt var að hafa eins og þá stóð á, og að eigendur Bóndhóls hafi ekki talið sig bæra að hafa nokkur afskipti af því eignarhaldi Gunnlaugs. Hafi þannig nokkur annmarki verið á eignarheimild Gunnlaugs í upphafi, þá hefir hann horfið við óslitið eignarhald hans á landspildunum um 20 ára skeið, sbr. 2. gr. laga nr. 45 frá 1905 um hefð. Ber þess vegna að telja Gunnlaug eiganda að landspildum þessum og veiðiréttindum, er þeim fylgja,

og getur það engu breytt í þessu efni, þótt svo sé til orða tekið í landamerkjalyðingu Bóndhóls frá 1884, að landamerki Bóndhóls liggi á þessu svæði „suður í fjörð“. Af þessum ástæðum verða sýknukröfur aðaláfrýjendanna Gunnlaugs Einarssonar, Stefáns Jónssonar og Benjamíns Ólafssonar teknar til greina.

II. Um kröfur gagnáfrýjanda á hendur aðaláfrýjanda Ólafi Ólafssyni.

Kröfur gagnáfrýjanda á hendur aðaláfrýjanda Ólafi Ólafssyni eru byggðar á því, að hann, þ. e. gagnáfrýjandi, sé eigandi veiðiréttinda fyrir landi Einarnessleigna og Brennistaðaleigna, en landspildur þessar og Amtmannsleigur, sem Ólafur er aðili að, liggja í framhaldi hverjar af öðrum meðfram firðinum. Með því að gagnáfrýjandi samkvæmt áður sögðu er ekki eigandi að veiðiréttindum fyrir landi Einarnessleigna og Brennistaðaleigna, brestur hann aðild til að deila við Ólaf um greind veiðiréttindi og ber þess vegna að sýkna Ólaf af kröfum hans í máli þessu.

III. Samkvæmt úrslitum máls þessa verður að dæma gagnáfrýjanda til að greiða dagkaup og ferðakostnað héraðsdómendanna, alls kr. 240.00, þóknun til skólastjóra Runólfs Sveinssonar fyrir uppdráttargerð af þrætusvæðinu, kr. 60.00, og aðaláfrýjanda Ólafi Ólafssyni málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, sem ákveðst kr. 400.00, en að öðru leyti á málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjendur, Gunnlaugur Einarsson, Stefán Jónsson, Benjamín Ólafsson og Ólafur Ólafsson, eiga að vera sýknir af kröfum gagn-

áfrýjanda, Guðmundar P. Gíslasonar, í máli þessu.

Gagnáfrýjandi greiði dagkaup og ferðakostnað héraðsdómenda, alls kr. 240.00, skólastjóra Runólfi Sveinssyni kr. 60.00, og aðaláfrýjanda Ólafi Ólafssyni samtals í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti kr. 400.00, en að öðru leyti á málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti að falla niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur aukadómþings Mýra- og Borgarfjarðarsýslu
8. júní 1938.**

Mál þetta höfðaði stefnandinn í tvennu lagi. Með stefnu útgefinni $2\frac{1}{4}$ 1936 höfðaði hann mál gegn Ólafi Ólafssyni og krafðist þess aðallega, að honum væri bönnuð veiði í Hvítá og leirunum fram af svonefndum Amtmannsleigum, en til vara, að honum væri óheimiluð veiði fyrir vestan landamerkjalinu úr „tjörnum í landsuður eftir garðlagi suður í fjörð“. Með framhaldsstefnu útgefinni $1\frac{1}{4}$ 1938 krafðist stefnandi þess, að honum yrði tildæmdur veiðiréttur í Hvítá fram af Amtmannsleigum.

Mál þetta var dæmt í undirrétti $3\frac{1}{2}$ 1937, en stefndur áfrýjaði dóminum til hæstaréttar, og kvað hæstiréttur upp þann dóm, að hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð frá $1\frac{1}{2}$ 1936 skuli vera ómerkur og málinu vísað heim í hérað til endurupptöku frá $1\frac{1}{2}$ 1936, þar eð eigi hafi verið tilnefndir meðdómendur, þrætusvæði skoðað og gerður uppdráttur af því.

Var málið tekið fyrir að nýju $2\frac{1}{2}$ 1938.

Með stefnu útgefinni $2\frac{1}{4}$ 1937 höfðaði stefnandi mál gegn Gunnlaugi Einarssyni, Stefáni Jónssyni og Benjamín Ólafssyni og krafðist þess, að þeim yrði óheimiluð öll afnot lands og veiðiréttar í Hvítá fyrir vestan landamerki Bóndhóls, samkvæmt dómum uppkveðnum í landamerkjadómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 2% 1934 og í aukarétti

Mýra- og Borgarfjarðarsýslu $\frac{3}{4}$ 1937, og þeir dæmdir í sektir samkvæmt laxveiðilögum og til þess að greiða honum, einn fyrir alla og allir fyrir einn, kr. 1500.00 fyrir veiðispjöll og ágang, svo og málskostnað.

Í réttarhaldi $\frac{3}{4}$ 1938 voru mál þessi sameinuð í eitt mál samkvæmt beiðni aðilja og ákvörðun dómenda.

Um mál þessi tekur dómurinn fram:

I. Málið gegn Ólafi Ólafssyni:

Aðalkröfu sínu um, að honum verði tildæmdur veiðiréttur fyrir Amtmannsleigum og stefnda óheimilaður, byggir stefnandi sumpart á afsali, er hann hefir fengið frá eiganda Einarsness fyrir öllum réttindum, sem Einarsnes kann að eiga fyrir ofan landamerki Bóndhóls og upp að Ölvaldsstaðamerkjum, og sumpart á því, að Amtmannsleigur séu slægjuítak, sem veiðiréttur fylgi ekki. Telur hann, að með útskrift úr jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns, er hann hefir lagt fram, sé sannað, að Amtmannsleigur hafi, þá er jarðabókin var samin, verið slægjuítak í land jarðarinnar Einarsnes.

Stefndur heldur því hinsvegar fram, að greind útskrift úr jarðabókinni sýni, að Amtmannsleigur séu sjálfstæð eign, en eigi ítak, og fylgi þeim því veiðiréttindi fyrir landinu. Jafnframt fullyrðir hann og hefir leitt vitni að því, að eigendur Amtmannsleigna hafi hagnýtt sér veiði fyrir landspildunni. Loks fullyrðir hann, að eigendur Bóndhóls hafi aldrei hagnýtt sér veiði fyrir þessu landi.

Rétturinn verður að líta svo á, að engar sannanir séu komnar fram fyrir því, að land það, sem nú er nefnt Amtmannsleigur, hafi verið eign jarðarinnar Einarsness, er eigandi þeirrar jarðar afsalaði því til eiganda Bóndhóls $\frac{1}{2}$ þ. á. Að visu er það svo, að af framlagðri útskrift úr jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns má ráða, að land það, er Amtmannsleigur eru á, (Gufufit) hafi þá, er bókin var samin, tilheyrt Einarsnesi, sbr. orðin „en landið er henni eignað og því beitin fri þá engið má beita.“

En af landamerkjabréfi Einarsness frá $\frac{5}{2}$ 1884 verður hinsvegar ekki séð, að land Einarsness nái að Hvítá eða firðinum ofan landamerkja Bóndhóls, en svo hefði átt að vera, ef land undir Amtmannsleigum hefði þá verið talin eign Einarsness. Verður því að telja líkur til þess, að Amtmannsleigur, er oft hafa gengið kaupum og sölum og ýmist

fylgt einhverri jörð eða verið sérstök eign, hafi frá því á tímum Árna Magnússonar breytt frá því að vera slægjuitök í sjálfstæða eign, enda liggja þær ekki innan landamerkjanna neinnar sérstakrar jarðar.

Samkvæmt þessu verður eigi talið, að afsal eiganda Einarssness á rskj. 11 til stefnanda skapi honum nokkurn rétt til lands undir Amtmannsleigum eða veiðiréttar fram af þeim, og þar sem stefnandi hefir ekki á annan hátt sýnt, að hann hafi heimild fyrir veiðiréttindum á þessum stað, verður aðalkrafa hans um, að honum verði tildæmdur veiðirétturinn, en stefndum óheimilaður, eigi tekin til greina.

Varakröfu sína um, að stefndum, sem eiganda Amtmannsleigna, verði óheimiluð veiði fyrir vestan landamerkjalinu úr „tjörnum í landsuður eftir garðlagi suður í fjörð“ byggir stefnandi á því, að í landamerkjabréfi Bóndhóls standi ótvírátt, að þessi stefna eigi að ráða merkjum milli veiðiréttindanna. Jafnframt telur hann, að þessi merki séu hin einu eðlilegu og sem ekki breytist ár frá ári, eftir því sem bakkann brýtur.

Stefndur viðurkennir hinsvegar ekki, að framhald línu þeirrar, sem ræður merkjum milli Amtmannsleigna og Bóndhóls eigi að ráða merkjum milli veiðiréttindanna. Telur hann, að samkv. vatnalögum beri að ákveða merki milli veiðiréttindanna þannig, að annaðhvort sé dregin lína hornrétt frá landi eða á straumlínu Hvítár. Loks hefir hann og hreyft því, að veiðisvæði ætti að vera jafnlangt landinu, sem veiðin er fyrir.

Rétturinn lítur svo á, að með varakröfu sinni meini stefnandi það, að bein framlenging á merkjalínu á landi milli Bóndhóls og Amtmannsleigna, sem ákveðin var með landamerkjadómi uppkveðnum 2% 1934, skuli ráða merkjum milli veiðiréttindanna. Stendur skýlaust í landamerkjabréfi Bóndhóls, gerðu í febrúar 1884, að merkjalína, sem þar er lýst, skuli ráða merkjum suður í fjörð. Verður eigi litið öðruvísi á, en að með þessu sé beint ákveðið, að stefna þessi eigi að ráða merkjum eigi aðeins á landi, heldur og á firðinum. Ber því, þótt stefna þessi sé eigi í samræmi við ákvæði 5. gr. vatnalaganna, að taka hana til greina, þar sem telja verður, að með landamerkjabréfinu hafi áður verið skipun á gerð um, hvernig merkin skuli vera.

Þá ber að líta á það, að ef línan er ákveðin svo sem í

landamerkjabréfinu segir, er fengin merkjalína milli veiðiréttindanna, sem engum breytingum þarf að taka, en ef ákveðin væri lína hornrétt á land eða straum, mundi hún breytast eftir því sem brýtur af landi eða straumur breytist, en hvorttveggja er mjög titt á þessum stað.

Samkvæmt framansögðu ber að taka varakröfu stefnanda til greina um, að stefndum verði óheimiluð veiði fyrir vestan línu, sem dregin er í beinu framhaldi af merkjalínu milli Bóndhóls og Amtmannsleigna suður í fjörð.

II. Mál gegn Gunnlaugi Einarssyni, Stefáni Jónssyni og Benjamín Ólafssyni.

Dómkröfu sína um, að stefndum verði óheimiluð öll afnot lands og veiðiréttar fyrir vestan landamerki Bóndhóls samkvæmt dómum, uppkveðnum í landamerkjadómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 2% 1934 og aukarétti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 3½% 1937, byggir stefnandi á því, að samkvæmt landamerkjabréfi fyrir Bóndhól, gerðu í febrúar 1884, nái Bóndhólsland niður að firðinum, og geti því ekki verið, að nokkur eigi lands- eða veiðiréttindi á þessu svæði annar en eigandi Bóndhóls. Hefir hann lagt fram útskrift úr jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, er hann telur sanna, að á þeim tíma, er jarðabókin var samín, hafi allt landsvæði við fjörðinn frá Beigaldahring niður fyrir Kongshól (Gufufit) verið eign jarðarinnar Einarsnes (en Bóndhóll var hjáleiga, byggð á landi þeirrar jarðar), en ýmsar jarðir hafi þá átt slægjuítök á þessu svæði. Telur hann, að slægjuítök þessi séu að mestu horfin vegna landbrots, og fullyrðir, að eigi geti verið um önnur réttindi að ræða, er aðrar jarðir en Bóndhóll eigi þarna, en lítillfjörleg slægjuítök, sem þó sé ekki hægt að staðsetja með nokkurri vissu.

Stefndu byggja málsvörn sína á því, að Gunnlaugur Einarsson eigi landspildu við fjörðinn framan Bóndhólslands næst neðan við Amtmannsleigur. Telja þeir, að útskriftin úr jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns sýni, að Gufufit (svæðið frá Beigaldahring niður fyrir Kongshól) hafi verið sjálfstæð eign, en skipzt niður í smá spildur, er tilheyrðu ýmsum jörðum. Efstar af spildum þessum telja þeir verið hafa Amtmannsleigur, en svo hafi komið tvær spildur, 40 faðmar hvor, sem önnur hafi tilheyrt Brennistöðum en hin Einarsnesi. Hafi Thor Jensen, meðan

hann átti Einarsnes, keypt Brennistaðaspilduna, en hann síðan selt báðar með Einarsnesi, er hann seldi það Gunnlaugi Einarssyni 1894. 1906 hafi Gunnlaugur selt Einarsnes Böðvari Jónssyni, og hafi hvorug spildan verið innifalinn í þeirri sölu. Hafi Gunnlaugur því átt spildur þessar síðan og leigt þær tvö síðastliðin ár til slæгна og veiðiafnota Stefáni Jónssyni, er síðan framseldi leiguna Benjamín Ólafssyni. Telja þeir vafalaust, að spildur þessar séu sjálfstæð eign, og fylgi þeim því veiðiréttur svo sem öðrum sjálfstæðum landeignum. Hafa þeir leitt vitni í málinu, sem borið hafa, að fyrri eigendur Bóndhóls hafi ekki hagnýtt sér slægjur á bakkanum þarna við fjörðinn og ennfremur, að þær hafi verið nytjaðar af öðrum án mótmæla frá þeim.

Rétturinn verður að lita svo á, að af framlagðri útskrift úr gerðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns megi ráða, að landsvæðið Gufufit hafi á þeim tíma tilheyrt jörðinni Einarsnes, þótt aðrar jarðir ættu þar slægjuréttindi, sbr. orðin „en landið er henni eignað og því beitinn fri þá engið má beita.“

Í landamerkjabréfi Bóndhóls er merkjum jarðarinnar lýst á þann veg, að allt landið meðfram firðinum frá Amtmannsleigum og niður að merkjum milli Bóndhóls og Einarsness er innan landamerkja Bóndhóls, enda hefir með landamerkjadómi, gengnum 2% 1934, verið ákveðið um landamerki milli Amtmannsleigna og Bóndhóls á bakkanum við fjörðinn.

Virðist svo, er Bóndhól, sem var hjáleiga frá Einarsnesi, var skipt úr sameiginlegu landi, hafi fallið í hlut Bóndhóls land allt með firðinum frá Amtmannsleigum niður að merkjum Einarsness, að því leyti, sem það tilheyrði hinni sameiginlegu jörð. En af því leiðir að réttarins áliti, að landið með firðinum verður að teljast eign Bóndhóls, þar sem það er innan landamerkja þeirrar jarðar, nema sannað sé, að því hafi verið afsalað frá jörðinni eða notað á þann hátt, að ósamrýmanlegt sé eignarrétti Bóndhóls.

Nú hafa eigi verið færðar neinar sönnur á, að landi þessu hafi verið afsalað frá Bóndhól, og ber þá að athuga, hvort not þess hafi verið með þeim hætti, að af þeim megi ráða, að eignarréttur Bóndhóls á því væri horfinn.

Samkvæmt framburði vitna þeirra, sem leidd hafa verið, er það ljóst, að landspildurnar á bakkanum næst neðan

Amtmannsleigna hafi ekki verið nytjaðar af eiganda Bóndhóls til slæгна, og að þær hafi verið nytjaðar af öðrum án hans leyfis. Hinsvegar er ekki upplýst um, að aðrar landnytjar á þessu svæði en slægjur hafi verið nytjaðar af öðrum en eiganda Bóndhóls, og samrýmist það því, að hér sé um slægjuítök í land Bóndhóls að ræða. Kemur það og vel heim við það, að í landamerkjabréfum jarðanna Beigalda og Borgar er talað um engjaitök, er jarðir þessar eigi, og ætla má, að hafi legið á þessu svæði.

Samkvæmt framansögðu verður rétturinn að telja, að bakkinn við fjörðinn á Amtmannsleigum að Kongshól sé eign Bóndhóls, þótt aðrar jarðir kunni að eiga þar slægjuítök, og á því stefnandi veiðirétt fyrir því landi. Ber því að taka til greina kröfu hans um, að stefndum verði óheimiluð veiði fyrir umræddu landi.

Hinsvegar hefir stefnanda ekki tekizt að færa sönnur á, að slægjurétturinn tilheyrði Bóndhól, og verður því ekki tekin til greina krafa hans um, að stefndum verði bönnuð þau afnot. Skiptir það að réttarins álitu ekki máli hér um, þó það hafi komið fram í málinu, að Hvítá hafi brotið mjög af spildum þessum, því telja má vist, að eitthvað sé eftir af þeim, að minnsta kosti þeim, er næst liggja Amtmannsleigum, en yfirhöfuð virðist erfitt að staðsetja merki fyrir slægjuítökum þessum.

Stefnandinn hefir í stefnunni gert kröfu til þess, að stefndu verði dæmdir í sektir fyrir brot á laxveiðilöggjöfnni og til að greiða sér skaðabætur allt að kr. 1500.00 fyrir veiðispjöll og ágang. Skaðabótakröfuna hefir hann ekkert rökstutt í sóknarskjölum sínum, og sér því rétturinn eigi ástæðu til að taka hana til greina og eigi heldur til að dæma stefndu til að greiða sektir.

Kostnaður við dóminn ákveðst þannig:

Dagkaup dómenda í 15 daga	kr. 150.00
Ferðakostnaður	— 90.00
	Kr. 240.00

og greiðist hann þannig, að stefnandi greiði kr. 80.00, stefndur Ólafur Ólafsson greiði kr. 80.00 og stefndu Gunnlaugur Einarsson, Stefán Jónsson og Benjamin Ólafsson greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn kr. 80.00. Að öðru leyti falli málskostnaður niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndum Ólafi Ólafssyni bónda í Lækjarkoti skal vera óheimil veiði í Hvítá og á leirunum fram af svenefndum Amtmannsleigum fyrir vestan línu í beinu framhaldi af merkjalínu milli Bóndhóls og Amtmannsleigna, er ákveðin var með landamerkjadómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, gengnum 2% 1934.

Ennfremur skal stefndum Gunnlaugi Einarssyni, Reykjavík, Stefáni Jónssyni, Brennistöðum, og Benjamín Ólafssyni, Lækjarkoti, vera óheimil veiði í Hvítá og á leirunum vestan við landamerki milli Bóndhóls og Amtmannsleigna.

Kostnað við dóminn greiði málsaðiljar þannig:

Stefnandinn, Guðmundur Þ. Gíslason, greiði 80 — áttatíu — krónur. Stefndur Ólafur Ólafsson greiði 80 — áttatíu — krónur, Stefndu Gunnlaugur Einarsson, Stefán Jónsson og Benjamín Ólafsson greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn 80 — áttatíu — krónur.

Að öðru leyti fellur málskostnaður niður. Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 23. janúar 1939.

Nr. 177/1936. Sigurjón Einarsson

(Einar B. Guðmundsson)

gegn

Hildi Pálsdóttur. (Jón Ásbjörnsson).

Barnsfaðernismál.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu útg. 24. nóvbr. 1936, hefir krafizt algerðrar sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti, eftir mati